

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|----------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun forstjóra..... | 3 |
| Áritun endurskoðenda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun forstjóra

Afkoma ÁTVR á árinu 2018 var í samræmi við áætlun ársins. Hagnaður ársins var 1.111 m.kr. Eignir námu 6.334 m.kr, skuldir voru 1.772 m.kr. og eigið fé nam 4.561 m.kr. í árslok 2018. Greiddur var 1.000 m.kr. arður í ríkissjóð.

Áfengi var selt fyrir 28.589 m.kr. með virðisaukaskatti. Sala áfengis í lítrum jókst um 0,54% frá árinu á undan og seldust 21.985 þús. lítrar, þar af var bjórsala 17.262 þús lítrar.

Sala tóbaks nam 11.708 m.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 5.571 m.kr. á árinu 2018 og hækkaði um 71 m.kr. frá árinu 2017. Sala vindlinga í magni minnkaði um 3%. Sala vindlinga nam 882 þús kartonum og af vindlum seldust 4.478 þúsund stykki.

Selt magn neftóbaks var 44.671 kg. og var það um 19% aukning frá fyrra ári.

Á árinu fengu 700 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Ársverk voru 354 og hefur þeim fjölgað um 20 frá 2017.

Ýmsar framkvæmdir voru á árinu. Meðal þeirra helstu var að vínbúðin á Ísafirði var flutt í nýtt húsnæði, unnið var að lagfæringum í vínbúðinni á Dalvegi og vínbúðin í Skútuvogi var stækkuð. Vínbúðin á Höfn í Hornafirði var endurnýjuð og stækkuð og unnið var að endurbótum í vínbúðinni á Flúðum, Sauðárkróki og Hvolsvelli. Framkvæmdir voru í fullum gangi við stækkun Dreifingarmiðstöðvar og í tengslum við það var unnið að lóðarframkvæmdum að Stuðlahálsi. Rafhleðslustöðvar fyrir bíla voru settar upp á Stuðlahálsi.

Lög um um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs þannig að bæði áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2%.

Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2019

Ívar J. Arndal,
forstjóri.

Áritun endurskoðenda

Til ÁTVR

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÁTVR fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu forstjóra, sem fylgir ársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2018, afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð ÁTVR og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings er forstjóri ábyrgur fyrir því að meta rekstrarhæfi ÁTVR og setja inn skýringu ef þess er þörf.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun endurskoðenda frh.

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun forstjóra á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðunandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórnendur um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2019

Skúli Eggert Þórðarsson,
ríkisendurskoðandi.

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|------------------------------------------------|-------|------------|------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Sala áfengis..... | | 25.756.247 | 24.942.443 |
| Sala tóbaks..... | | 9.441.805 | 9.252.443 |
| Sala umbúða o.fl..... | | 93.106 | 80.714 |
| | | 35.291.158 | 34.275.600 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Vörunotkun..... | 10 | 29.824.379 | 29.065.646 |
| Laun og launatengd gjöld..... | 11-13 | 2.806.016 | 2.463.048 |
| Húsnæðiskostnaður..... | | 634.417 | 582.228 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður..... | | 244.934 | 236.761 |
| Stjórnunar- og skrifstofukostnaður..... | | 379.510 | 345.365 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | | 47.344 | 35.860 |
| Afskriftir..... | 15 | 237.010 | 208.226 |
| | | 34.173.610 | 32.937.134 |
| Rekstrarhagnaður..... | | 1.117.548 | 1.338.466 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)..... | 14 | (6.289) | 28.082 |
| Hagnaður ársins | | 1.111.259 | 1.366.548 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|------------------------------------|-------|-------------------------|-------------------------|
| Eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir..... | 4,15 | 1.318.810 | 1.231.450 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum..... | 5,16 | 7.500 | 7.500 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>1.326.310</u> | <u>1.238.950</u> |
| | | | |
| Birgðir..... | 6,17 | 2.123.079 | 2.002.246 |
| Viðskiptakröfur | 7,18 | 1.824.424 | 1.728.890 |
| Handbært fé..... | 8 | 1.059.812 | 1.372.613 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>5.007.315</u> | <u>5.103.749</u> |
| | | | |
| Eignir samtals | | <u><u>6.333.625</u></u> | <u><u>6.342.699</u></u> |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé..... | 19 | 4.561.215 | 4.449.956 |
| Eigið fé samtals | | <u>4.561.215</u> | <u>4.449.956</u> |
| | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Lánardrottinnar..... | 9 | 1.073.709 | 1.279.448 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | | 698.701 | 613.295 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>1.772.410</u> | <u>1.892.743</u> |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>6.333.625</u></u> | <u><u>6.342.699</u></u> |
| | | | |
| Skuldbindingar..... | 20 | | |

Sjóðstreymi árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---------------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður ársins..... | | 1.111.259 | 1.366.548 |
| <i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i> | | | |
| Afskriftir..... | 15 | 237.010 | 208.226 |
| (Söluhagnaður) af fastafjármunum..... | | (406) | (4.480) |
| Veltufé frá rekstri | | <u>1.347.863</u> | <u>1.570.294</u> |
| <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i> | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | (120.833) | 112.180 |
| Skammtímakröfur (hækkun)..... | | (95.534) | (24.870) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun)..... | | (120.333) | (211.518) |
| | | <u>(336.700)</u> | <u>(124.208)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>1.011.163</u> | <u>1.446.086</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Fasteignir..... | 15 | (100.600) | (30.681) |
| Innréttingar og annar búnaður..... | 15 | (167.564) | (195.704) |
| Bifreiðar..... | 15 | (59.384) | (57.740) |
| Söluverð rekstrarfjármuna..... | | 3.584 | 7.258 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | <u>(323.964)</u> | <u>(276.867)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Arður til ríkissjóðs..... | 19 | (1.000.000) | (1.750.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | <u>(1.000.000)</u> | <u>(1.750.000)</u> |
| (Lækkun) á handbæru fé..... | | (312.801) | (580.781) |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | | <u>1.372.613</u> | <u>1.953.394</u> |
| Handbært fé í lok ársins | | <u>1.059.812</u> | <u>1.372.613</u> |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur ÁTVR er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskila-aðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Skattar

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

Erlendir gjaldmiðlar og innlendir vísitölur

3. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2019. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

Rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

Eignarhlutar í öðrum félögum

5. Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

Birgðir

6. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

Viðskiptakröfur

Skýringar

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Vörunotkun

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Tollstjóra. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 5.571 m.kr. á árinu 2018.

| Sundurliðun vörunotkunar | 2018 | 2017 |
|--------------------------|-------------------|-------------------|
| Vörunotkun, áfengi..... | 22.012.493 | 21.372.311 |
| Vörunotkun, tóbak..... | 7.793.202 | 7.669.426 |
| Vörunotkun, umbúðir..... | 18.684 | 23.909 |
| | <u>29.824.379</u> | <u>29.065.646</u> |

Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

| | | |
|----------------------------------------|------------------|------------------|
| Dagvinnulaun..... | 1.536.427 | 1.353.554 |
| Yfirvinna..... | 654.812 | 575.659 |
| Launatengd gjöld..... | 487.182 | 441.618 |
| Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs..... | 112.144 | 71.701 |
| Áfallið reiknað orlof, breyting..... | 15.452 | 20.516 |
| | <u>2.806.016</u> | <u>2.463.048</u> |

Skýringar

12. Launagjöld hækka um 13,9% milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2018 voru 354 en ársverk reiknuð með sama hætti árið 2017 voru 334 sem er hækkun 20 ársverk eða 6%. Hækkun launavíðisla 2018 var 6%.

Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra námu 21,9 m.kr. en voru 19,7 m.kr. árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna til desemberloka er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 148,4 m.kr. í árslok 2018 en til samanburðar var það 132,9 m.kr. árið áður.

13. Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafnóðum. Samkvæmt uppgjöri LSR námu lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna í B-deild í árslok 2018 10,9 m.kr. Í lögum nr 127/2016 var gerð breyting um aukaframlag til A-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur ÁTVR árið 2018 101,2 m.kr en var 60,6 m.kr 2017.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| 14. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda) | 2018 | 2017 |
|----------------------------------------------------|----------------|---------------|
| Vaxtatekjur..... | 91.632 | 131.884 |
| Arðstekjur..... | 3.150 | 1.500 |
| Þóknanir vegna debet- og kreditkorta..... | (79.327) | (78.005) |
| Fjármagnstekjuskattur..... | (20.761) | (26.243) |
| Vaxta- og þjónustugjöld..... | (983) | (1.054) |
| | <u>(6.289)</u> | <u>28.082</u> |

Skýringar

Rekstrarfjármunir

15. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Bifreiðar | Fasteignir | Innréttingar og annar bún. | Samtals |
|--------------------------------|----------------|------------------|-------------------------------|------------------|
| Stofnverð 1.1.2018..... | 282.823 | 1.266.404 | 1.274.633 | 2.823.860 |
| Viðbót á árinu..... | 59.384 | 100.600 | 167.564 | 327.548 |
| Selt og niðurlagt á árinu..... | (39.061) | | (287.398) | (326.459) |
| Stofnverð 31.12.2018 | <u>303.146</u> | <u>1.367.004</u> | <u>1.154.799</u> | <u>2.824.949</u> |
| Afskrifað 1.1.2018..... | 140.674 | 748.508 | 703.229 | 1.592.410 |
| Afskrifað á árinu..... | 37.713 | 23.395 | 148.366 | 209.474 |
| Selt og niðurlagt á árinu..... | (37.211) | | (258.534) | (295.745) |
| Afskrifað 31.12.2018 | <u>141.176</u> | <u>771.903</u> | <u>593.060</u> | <u>1.506.139</u> |
| Bókfært verð 31.12.2018 | <u>161.970</u> | <u>595.101</u> | <u>561.739</u> | <u>1.318.810</u> |
| Afskriftarhlutföll..... | 12-15% | 2-4% | 12-20% | |

Gjaldfærð afskrift ársins var 209,5 m.kr og niðurlagðar eignir voru 27,5 m.kr.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Bókfært verð | Fasteigna- mat | Brunabóta- mat |
|--------------------------|-----------------|-------------------|-------------------|
| Fasteignir og lóðir..... | <u>595.101</u> | <u>3.079.645</u> | <u>3.461.940</u> |

Eignarhlutar í félögum

16. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði 7.500 þús. kr. Á árinu 2018 greiddi félagið 3.150 þús. kr. í arð til ÁTVR.

Skýringar

Birgðir

17. Birgðir um áramót skiptast í áfengi, tóbak, umbúðir og rekstrarvörur:

| | 2018 | 2017 |
|--------------------------|------------------|------------------|
| Áfengi..... | 1.832.048 | 1.742.103 |
| Tóbak..... | 260.207 | 218.853 |
| Umbúðir..... | 6.963 | 17.552 |
| Rekstrarvörubirgðir..... | 23.861 | 23.738 |
| | <u>2.123.079</u> | <u>2.002.246</u> |

Viðskiptakröfur

18. Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

| | | |
|---------------------------------|------------------|------------------|
| Kröfur vegna greiðslukorta..... | 1.704.642 | 1.613.526 |
| Aðrar viðskiptakröfur..... | 119.782 | 115.364 |
| | <u>1.824.424</u> | <u>1.728.890</u> |

Eigið fé

19. Yfirlit eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé |
|--------------------------------------|------------------------|
| Eigið fé 1.1. | 4.449.956 |
| Hagnaður skv. rekstrarreikningi..... | 1.111.259 |
| Arður til ríkissjóðs..... | (1.000.000) |
| Eigið fé 31.12. | <u>4.561.215</u> |

Önnur mál

20. Í tengslum við starfsemi ÁTVR voru 40 húsaleigusamningar í gildi í árslok 2018.

Skýringar

Kennitölur

21. Fimm ára yfirlit

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Rekstur: | | | | | |
| Rekstrartekjur..... | 35.291 | 34.276 | 33.058 | 29.395 | 28.645 |
| Rekstrargjöld..... | (33.937) | (32.729) | (31.216) | (27.985) | (27.146) |
| Rekstrarhagn. f. afskr. | 1.354 | 1.547 | 1.842 | 1.410 | 1.499 |
| Afskriftir..... | (237) | (208) | (222) | (178) | (205) |
| Rekstrarhagnaður | 1.117 | 1.339 | 1.620 | 1.232 | 1.295 |
| Hreinar fjárm.tekjur..... | -6 | 28 | 9 | -11 | -7 |
| Hagnaður ársins | <u>1.111</u> | <u>1.367</u> | <u>1.629</u> | <u>1.221</u> | <u>1.288</u> |
| Efnahagur: | | | | | |
| Fastafjármunir..... | 1.326 | 1.239 | 1.166 | 1.227 | 1.238 |
| Veltufjármunir..... | 5.008 | 5.104 | 5.772 | 4.716 | 4.914 |
| Eignir alls | <u>6.334</u> | <u>6.343</u> | <u>6.938</u> | <u>5.943</u> | <u>6.152</u> |
| Eigið fé..... | 4.561 | 4.450 | 4.834 | 4.204 | 4.483 |
| Skammtímaskuldir..... | 1.773 | 1.893 | 2.104 | 1.739 | 1.669 |
| Eigið fé og skuldir alls | <u>6.334</u> | <u>6.343</u> | <u>6.938</u> | <u>5.943</u> | <u>6.152</u> |

Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins á síðustu fimm árum:

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|----------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Rek.hagn.f.afskr./Tekjur.. | 3,8% | 4,5% | 5,6% | 4,8% | 5,2% |
| Veltufjárhlutfall..... | 2,82 | 2,70 | 2,74 | 2,71 | 2,94 |
| Eiginfjárhlutfall..... | 72,0% | 70,2% | 69,7% | 70,7% | 72,9% |
| Arðsemi eigin fjár..... | 25,0% | 28,2% | 38,8% | 27,2% | 28,0% |